

Reykjavík, 12. janúar 2022
PON22010015

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja umbætur á vefsvæði Borgarbókasafns.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Menningar- og ferðamálasviðs, að hefja undirbúning á innkaupum að umbótum fyrir tengingum á vefsvæði Borgarbókasafnsins vegna uppfærslu á landskerfi bókasafna. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi, verkbeiðni 66376. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2022 til nóvember 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 25 mkr.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð.

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur.

Efni: Heimild til að hefja umbætur á tengingum á vefsvæði Borgarbókasafns.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Menningar- og ferðamálasviðs, að hefja undirbúning á innkaupum að umbótum fyrir tengingum á vefsvæði Borgarbókasafnsins vegna uppfærslu á Landskerfi bókasafna. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi, verkbeiðni 66376. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2022 til nóvember 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 25 mkr.

Forsaga:

Vefsvæði Borgarbókasafnsins er hannað að danskri fyrirmynd með þarfir almenningsbókasafna í huga í því felst m.a. að hægt sé að tengjast utanaðkomandi bókasafns- og leitarkerfum eins og Landskerfi bókasafna.

Landskerfi bókasafna er að uppfæra sín kerfi og til að virkni vefs Borgarbókasafnanna og þjónusta við notendur sé tryggð til lengri tíma þarf að endurgera tengingar vefsvæðisins við ný kerfi Landskerfa.

Greinargerð:

Þessu verkefni er ætlað að leysa þarfir vefs Borgarbókasafnsins til samskipta við bókasafnskerfi og leitargátt Landskerfis bókasafna í kjölfar upptöku nýrra kerfa, ásamt því að uppfæra vefsvæðið í nýjustu og þ.a.l. öruggustu útgáfu vefumsjónarkerfisins.

Vefsvæði Borgarbókasafnanna eru í dag að nýta eldri útgáfu af tengingum við Landskerfi bókasafna sem verður lokað á árinu. Innleiðingu á notkun kerfisins hefur gefist vel og notendur orðnir vanir að geta t.d. framlengt, pantað og fylgst með útlánnum bóka í gegnum sjálfsþjónustu. Séu tengingar ekki endurýjaðar þá rofna þær en þar með verður einnig þjónustufall. Verkefnið hefur áhrif á alla íbúa og gesti borgarinnar sem sækja sér upplýsingar og þjónustu borgarbókasafnanna, það bætir þjónusta og jafnar aðgengi fyrir íbúa og starfsmenn safnanna til að koma hlutum í réttan farveg.

Ávinningur verkefnisins er fyrst og fremst að halda áfram þeirri grunnþjónustu við notendur Borgarbókasafna á vefnum sem eru til staðar í dag þ.e. fylgjast með útlánnum, frátektum, dagssektum o.þ.h., skrá og eyða frátektum, endurnýja útlán, greiða árgjald og endurnýjað skírteini á vefnum, ásamt því að greiða sektir. Einnig að tryggja að ekki verði þjónustufall hjá



Reykjavíkurborg við uppfærsluna hjá Landskerfum. Virðisaukningin felst í því að viðhalda núverandi þjónustustigi á vef Borgarbókasafnsins, fella ekki niður þá sjálfsþjónustu sem notendur hafa nú getað tileinkað sér og halda dyrunum opnum fyrir nýjungum og framþróun í stafrænum lausnum fyrir safnið.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarframkvæmdatími er áætlaður 22 mánuðir og vonast er til að forgreining á verkefninu geti hafist í byrjun febrúar 2022 og þá áætluð verklok í nóvember 2023.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 25 mkr.

Kostnaðarstaður: 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi, verkbeiðni 66376.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur